

## Fundargerð aðalfundar 2016

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2016 var haldinn í Katrínartúni 2 í Reykjavík, 10. maí 2016 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 9 hluthafa sem eiga 81.73% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað og fundurinn sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.

Landskerfi komst á lista hjá Credit-info 2014 sem framúrskarandi fyrirtæki.

Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
  - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Pálína Magnúsdóttir (kt. 1511637269) stjórnarmaður
  - Halldóra Jónsdóttir (kt. 271055-2779), varamaður í stjórn.
  - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Hagnaður af rekstri ársins 2015 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess. Samþykkt einróma.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2016 til aðalfundar 2017 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.


Eiríkur Þorláksson lýsir mikilli ánægju með starfið sérstaklega með hvað Landskerfi þjónar Sarpi og þessu sameiginlega kerfi allra safna vel. Sérfræðipækkingin hér inni er mjög dýrmæt. Vill vekja athygli á vinnu hjá Mennta- og menningarráðuneyti við áætlun um stafræna endurgerð menningararfsins. Þar þarf að gera lista um hvað er til og hvað þarf að gera til að allt efni á söfnum verði aðgengilegt. Bæði að færa það yfir á stafrænt form og síðan að gera aðgengilegt öllum. Fjárhags og framkvæmdaráætlun frá 2018-2030 er bilið sem á að vinna þetta á. Höfundarréttarmál, tæknilausnir og lausnir á hvar og hvernig innan sameiginlegs kerfis verður efnið geymt og gert aðgengilegt. Landskerfi getur orðið virkur þátttakandi í þessari vinnu. Sambærileg vinna er í gangi víðs vegar í veröldinni.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15.50.



Erla S. Árnadóttir



Heiðrún Dóra Eyvindardóttir